

18. gr.

28

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

29. maí

Ákvæði til bráðabirgða.

Allar þær verðlagsákvæðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til dómnefnd hefur afnumið þær og sett ný ákvæði í stað þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***BRÁÐABIRGÐALÖG**

29

11. júní

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að örðugt sé að fá slegna málm-skiptimynt með málmblöndu þeirri, sem ákveðin er í 3. gr. laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, en notkun skiptimyntar sé mjög mikil nú, og aðkallandi þörf sé fyrir sláttu nýrra birgða af skiptimynt. Eins og sakir standa muni óráðlegt að lögbinda hlutföll málmtegundanna í myntinni, með því að fyrirvaralaust kunni að þurfa að draga úr notkun sumra málmtegundanna.

Til þess að ekki þurfi að leita lagabreytingar í hvert sinn, sem breyting þarf að verða á málmblöndunni í skiptimyntinni, telur ráðherrann ráðlegt að fela fjármálaráðuneytinu að ákveða með reglugerð stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntar.

Með því að ég tel brýna nauðsyn að tefja ekki mótun nýrra birgða af skiptimynt og að heppilegast sé að stærð, þungi og málmblöndun hennar verði ákveðin með reglugerð útgefinni af fjármálaráðuneytinu gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein er hljóði svo:

„Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntarinnar.“

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jakob Möller.